

**Markaðsstofa Vesturlands ehf. (MSV) er alfarið í eigu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) en býður jafnframt öllum ferðapjónustuaðilum og hagaðilum ferðamála á Vesturlandi, sem vilja taka þátt í starfsemi Markaðsstofunnar að gera formlegan samstarfssamning við MSV.**

Markaðsstofa Vesturlands ehf. er rekin samhliða Áfangastaðastofu Vesturlands (ÁSV) sem einnig er í eigu og rekin af SSV, en þessi starfsemi er mjög samþætt og styður þar hvort annað. Starfsemin er því oftast kynnt saman sem Áfangastað- og Markaðsstofa Vesturlands (Á&M).

**Starfsemi og verkefni Á&M eru unnin samkvæmt stefnumótun, markmiðum og áhersluverkefnum sem sett eru fram í Áfangastaðaáætlun Vesturlands (ÁSÁ.Vest.), sem unnin eru og sett fram í opnu samráði við hagaðila ferðamála og heimafólk á Vesturlandi á þriggja ára fresti.**

**Markaðsstofa Vesturlands ehf. (MSV) hefur það að markmiði að vinna að gæðum, ímynd, kynningu og markaðssetningu á áfangastaðnum Vesturlandi og öllu því sem þar er í boði til að sjá og upplifa.**

Markaðsstofa er formlegur opinber samráðs- og starfsvettvangur og tengiliður í samstarfi milli ríkis, sveitarfélaga, stoðþjónustu, ferðapjónustufyrirtækja og annarra hagaðila ferðamála á hverju svæði.

**Markaðsstofur landshlutanna (MAS) eru sex talsins sem starfa með hagaðilum ferðamála hver í sínum landshluta; á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi.**

**Allar markaðsstofur landshlutanna bjóða ferðapjónustuaðilum og öðrum hagaðilum ferðamála sem starfa á þeirra svæði að gerast formlegir samstarfsaðilar að starfi viðkomandi markaðsstofu.**

**Markaðsstofurnar hafa einnig með sér mikið samstarf og eru í formlegu samstarfi við Íslandsstofu og Ferðamálastofu varðandi þróun-, gæða-, markaðs- og kynningarmál fyrir sína landshluta og áfangastaðinn Ísland sem heild.**

**Markaðsstofur landshlutanna gegna því mjög mikilvægu hlutverki sem samstarfsaðilar, talsmenn og upplýsingafulltrúar fyrir sinn landshluta, varðandi opinbera markaðssetningu og kynningu sem unnin er af opinberum aðilum til að kynna bæði á áfangastaðinn Ísland og hvern landshluta.**

**Það er því mjög mikilvægt fyrir alla, að þeir aðilar sem hafa einhverja aðkomu eða hag af ferðþjónustu og framgangi ferðamála á hverju svæði, séu í virku samstarfi við sína Markaðsstofu.**

Markaðsstofa Vesturlands starfar fyrir allt Vesturland – en mikið af vinnunni er unnin út frá þrengri starfssvæðum með þeim samstarfsaðilum sem þar starfa.

Megin samstarfssvæðin MSV eru fjögur þ.e. Akranes og Hvalfjörður, Borgarnes og Borgarfjörður, Snæfellsnes, og Dalir. Einnig er unnið að afmarkaðri og þematengdum verkefnum eftir aðstæðum.

Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands veitir ráðgjöf varðandi ferðamál og starfsfólk frá Á&M fer reglulega um allt Vesturland og er með opnar skrifstofur og viðtalstíma á öllum starfssvæðum.

**Samstarfsaðildin miðast við 1. janúar ár hvert og þeir sem hafa þá greitt grunngjaldið fyrir samstarfsaðild geta tekið þátt í þróunar- og markaðsstarfi MSV og ÁSV næstu 12. mánuði. Reikningar eru sendir út að hausti.**

## Hvað fæ ég sem formlegur samstarfsaðili við Markaðsstofu Vesturlands?

- **Aðgang og þátttöku í virkum samstarfs- og samráðsvettvangi ferðamála á Vesturlandi**
- **Eftirfylgni og uppfærslu á skráningu viðkomandi ferðapjónustu í opinberum grunnskráningarvef ferðapjónustunnar - sem rekin er af Ferðamálastofu**
- **Ítarskráningu og eftirfylgni fyrir viðkomandi þjónustu á opinberan kynningarvef fyrir áfangastaðinn Vesturland: [www.vesturland.is](http://www.vesturland.is) / [www.westiceland.is](http://www.westiceland.is) / [www.west.is](http://www.west.is)**
- **Eftirfylgni og uppfærslu á skráningu fyrir viðkomandi ferðapjónustu í opinberum kynningarvef fyrir áfangastaðinn Ísland: [www.visiticeland.com](http://www.visiticeland.com)**
- **Umfjöllun, myndbirtingar og deilingar á efni frá samstarfaðilum á samfélagsmiðlum MSV**
- **Möguleiki á þátttöku í Mannamóti—fagsýningu ferðapjónustunnar á landsbyggðinni - sem haldin er á Höfuðborgarsvæðinu í janúar á hverju ári**
- **Merking og upplýsingaskráning á viðkomandi þjónustustað á borðkorti Vesturlands sem MSV gefur út og dreifir um allt Vesturland**
- **Möguleika á þátttöku í móttöku erlendra blaðamanna og áhrifavalda - sem koma í gegn um Íslandsstofu í samstarfi við markaðsstofurnar - til að upplifa og fjalla um Ísland**
- **Aukinn sýnileika og umfjöllun á sölusýningum innanlands og utan, sem MSV tekur þátt í á hverju ári**
- **Þátttaka í þróun, kynningu og sýnileika á sérstökum “ferðaleiðum” – sem MSV er að þróa með samstarfsaðilum sínum á völdum svæðum á Vesturlandi**
- **Tækifæri til að koma sinni vöru og þjónustu á framfæri til erlendra ferðaskipuleggjendur og söluaðila í gegnum póstlista MSV og Inspired by Iceland**
- **Þátttöku og aðgang að ljósmyndabanka MSV sem notaður er í markaðsstaf til að kynna áfangastaðinn Vesturland**
- **Aðild að upplifðu.is - mynda- og margmiðlunargrunni MSV þar sem samstarfsaðilar geta klippt saman eigið markaðsefni til að deila á samfélagsmiðla og eigin vefsíður**
- **Þátttaka í uppskeruhátíð ferðapjónustunnar á Vesturlandi**
- **Vera virkur þátttakandi, hafa áhrif og leggja sitt að mörkum í samstarfi þróunar-, gæða- og markaðsmálum ferðapjónustunnar á sínu svæði, til að efla Vesturland sem eftirsóknarverðan áfangastað til að dvelja á og njóta.**

## Samstarfssamningur við Markaðsstofu Vesturlands (MSV) 2024

### SAMSTARFSAÐILD / ÍTARSKRÁNING:

- Skráning á póstlista þar sem upplýsingar um verkefni MSV og ÁSV eru send út
- Skráning á prentað markaðsefni sem MSV gefur út og inniheldur skráningu samstarfsaðila á viðkomandi svæði
- Réttur til þátttöku á MANNAMÓTUM – sýningu MAS á ferðapjónustu landsbyggðarinnar

- Forgangur á skráningu vegna þátttöku á námskeiðum sem haldin eru í samstarfi MSV/ÁSV og menntunaraðila
- Forgangur á skráningu vegna þátttöku í áherslu- og þróunarverkefnum sem haldin eru í samstarfi MSV/ÁSV og annarrar stoðþjónustu
- Réttur til þátttöku í uppskeruhátíð ferðapjónustunnar á Vesturlandi
- Ítarskráning á markaðsvef MSV [www.vesturland.is](http://www.vesturland.is) / [www.westiceland.is](http://www.westiceland.is) / [www.west.is](http://www.west.is) sem einnig birtist inn á [www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is) vef Ferðamálastofu sem kynnir alla leyfishafa ferðapjónustu á Íslandi.

#### MÖGULEGAR VIÐBÆTUR VIÐ ÞJÓNUSTU:

- Aðgangur að bakenda og gagnagrunni [www.upplifdu.is](http://www.upplifdu.is)
  - Aðgangur að og nýting á myndum og markaðsefni sem liggur inn á gagnagrunni [www.upplifðu.is](http://www.upplifðu.is) í eigin markaðssetningu.
- Aukaskráning á þjónustu á markaðsvef MSV [www.vesturland.is](http://www.vesturland.is) / [www.westiceland.is](http://www.westiceland.is) / [www.west.is](http://www.west.is) undir kennitölu hjá skráðum samstarfsaðila
  - Sér/aukaskráning með upplýsingum, myndum og veftenglum á þjónustu sem rekin er undir sömu kennitölu og er skráð með grunnskráningu á vef markaðsstofunnar

## Starfsemi og þjónusta Markaðsstofu Vesturlands og Áfangastaðastofu

### VEFURINN - MARKAÐSSETNING OG KYNNING

[www.vesturland.is](http://www.vesturland.is) / [www.westiceland.is](http://www.westiceland.is) / [www.west.is](http://www.west.is) : Grunnskráning á vefnum sem er opinber kynningarvefur ferðapjónustu á Íslandi á tveimur tungumálum. Þessir vefir byggja á upplýsingum sem sóttar eru í skráningu í gagnagrunn Ferðamálastofu.

[www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is) : Ítarskráning samstarfsaðila kemur einnig fram á opinberum ferðapjónustuvef Íslands sem rekinn er af Ferðamálastofu.

[www.visiticeland.com](http://www.visiticeland.com) : Opinber kynningarvefur Íslands þar sem [www.vesturland.is](http://www.vesturland.is) / [www.westiceland.is](http://www.westiceland.is) / [www.west.is](http://www.west.is) er beintengd inn sem ítarkynning fyrir Vesturland og þar birtast því allir þjónustuaðilar sem eru skráðir samstarfsaðilar Markaðsstofu Vesturlands.

### UPPLIFDU.IS – MARKAÐSVERKFÆRI, MYNDA- OG GAGNABANKI

MAS hefur unnið að samstarfsverkefni sem miðar að því að auðvelda og hvetja fólk til ferðalaga. Verkefnið er liður í að auka á dreifingu ferðamanna um landið, lengja dvöl þeirra og styðja við uppbyggingu íslenskrar ferðapjónustu í kjölfar heimsfaraldurs. Þetta er stærsta þróunarverkefni sem MAS hefur tekið sér fyrir hendur. Um ræðir gagnvirkt vefsvæði, [www.upplifdu.is](http://www.upplifdu.is), þar sem notendum gefst kostur á að sniða ferðalagið eftir sínu höfði og fá aðstoð við að sjá hvað er í boði á hverjum stað.

Hluti af þróun Upplifðu.is er bakendakerfi fyrir Markaðsstofurnar og samstarfsaðila þeirra. Í því kerfi er hægt að nálgast öll myndböndin sem eru í kerfinu og hægt að raða þeim saman eftir hentugleika hvers og eins. Í kerfinu eru einnig ljósmyndir sem geta nýst samstarfsaðilum í þeirra markaðssetningu, kynningu og efnissköpun.

### SAMFÉLAGSMIÐLAR

Markaðsstofa Vesturlands heldur úti síðum á helstu samfélagsmiðlum.

- [Facebook Visit West Iceland](#) – Til markaðssetningar erlendis.
- [Facebook Velkomin á Vesturland](#) – Til markaðssetningar innanlands.
- [Facebook Áfangastaða- og markaðsstofa Vesturlands](#) – Fréttir til samstarfsaðila og annarra innanlands.
- [Facebook Viðburðir á Vesturlandi](#) – Auglýsa viðburði á Vesturlandi
- [Facebook group Travel West Iceland \(p2p\)](#) – Samskipti á milli hagaðila á Vesturlandi
- [Instagram West Iceland](#) – Til markaðssetningar erlendis

### BORÐKORT – YFIRLITSKORT AF VESTURLANDI

Markaðsstofa Vesturlands gefur út borðkort með yfirlitsmynd af öllu Vesturlandi þar sem áhugaverðir staðir og tilbúnir áningarstaðir eru merktir inn. Einnig eru samstarfsaðilar MSV merktir inn borðkortið með númerum og númeraður listi yfir þessa þjónustuaðila með tengileða upplýsingum á bakhlið

kortsins. Allir geta fengið ókeypis blokkir af borðkortinu til að gefa gestum og veita upplýsingar um Vesturland.

## MANNAMÓT MARKAÐSSTOFA LANDSHLUTANNA

Markaðsstofur landshlutanna standa sameiginlega að stefnumóti þar sem þjónustuaðilar af landsbyggðinni leggja leið sína á höfuðborgarsvæðið og halda sameiginlega sýningu til að kynna starfsemi sína fyrir ferðaskipuleggjendum og söluaðilum ferða. Samstarfsaðilar markaðsstofanna hafa kost á því að taka þátt í Mannamóti Markaðsstofa landshlutanna fyrir lágmarkskostnað. Tilgangur Mannamóta er að efla tengslanet ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni, kynna ferðaþjónustufyrirtækin fyrir öðrum ferðaþjónustuaðilum, ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum og til að koma á viðskiptasamböndum. <https://www.markadsstofur.is/>

## FERÐASÝNINGAR OG VINNUSTOFUR

Markaðsstofan tekur þátt í ferðasýningum bæði hér heima og erlendis þar sem landshlutinn sem heild og samstarfsaðilar MSV eru kynntir. Hér má nefna t.d. Icelandair [Mid-Atlantic](#) og [Vestnorden](#).

## FERÐAHEILDSALA- ÁHRIFAVALDA- OG BLAÐAMANNAFERÐIR

Markaðsstofan, í samstarfi við Íslandsstofu, skipuleggur ferðir fyrir ferðaheildsala, áhrifavalda og blaðamenn um landshlutann á hverju ári. Þar er kynnt það sem er í boði í afþreyingu, veitingum og gistingu í landshlutanum. Markaðsstofan leitar þá eftir samstarfi við samstarfsaðila sína um móttöku á þessum aðilum.

## UPPLÝSINGAR UM ÁFANGASTAÐINN VESTURLAND

Markaðsstofan fær oft fyrirspurnir bæði frá innlendum og erlendum ferðaaðilum, bæði skrifstofum, skipuleggjendum, heildsölum, höfundum greina í ferðatímaritum, ferðavefjum og ferðahandbókum, sem vilja fá upplýsingar um ýmsa þætti varðandi ferðalög um Vesturland.

Þá miðlum við almennum upplýsingum um landshlutann, áhugaverða áningarstaði og þjónustu, auk þess sem við bendum á samstarfsaðila okkar eins og ástæða er til út frá erindinu.

## FERÐALEIÐIR

ÁSV kemur að þróun á ferða- og þemaleiðum um svæðin fjögur á Vesturlandi, þ.e. Svæðið sunnan Skarðsheiðar, Borgarfjörð, Snæfellsnes og Dali. Ferðaleiðirnar eru ákveðnar leiðir um svæðin þar sem notast er við þemu og sérstöðu til þess að draga fram sérstaka upplifun fyrir gesti svæðisins. Þátttaka í ferðaleiðum felur í sér að hag- og þjónustuaðilar komi sér saman um ákveðin gildi og framsetningu sem varða aðgengi og þjónustu til þess að móta heildræna upplifun fyrir gestinn. Ferðaleiðir styrkja ímynd svæða, koma sérstöðu svæðisins á framfæri og styðja við markaðssetningu.

## Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Vesturlandi